

fundu skal boða bréflaga, eða á annan tryggilegan hátt með viku fyrirvara. Fundur 118
er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. 25. okt.

Ef mál kemur fyrir fund framkvæmdastjórnar, sem varðar beinlínis einhverja iðngrein eða iðnfélag, sem ekki á fulltrúa í framkvæmdastjórn, skal viðkomandi fulltrúi boðaður á fundinn.

Framkvæmdastjórnin fer að öðru leyti ein með mál iðnráðsins milli funda þess og getur iðnráðið sjálft sett nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjórnina.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 105 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað og lögum nr. 85 18. júní 1933, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlazzt gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

119

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni í Súgandafirði.

26. okt.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir árlega:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiða vatnsskatt af fasteignamatsverði húseigna sinna þannig:
 - Af fyrstu 2000 kr. greiðist 4‰.
 - Af næstu 2000 kr. greiðist 3‰.
 - Af því sem þar er yfir 2‰.
2. Fyrir vatn til þvotta á nýjum eða söltuðum fiski greiðist 10 aurar fyrir það fiskmagn, sem samsvarar 160 kg af fullþurru saltfiski. Af hverri síldartunnu — frystri, kryddaðri eða saltaðri — greiðast 5 aurar. Af hverju fati lifrar til bræðslu greiðist 5 aurar.
3. Fyrir vatn til aðkomuskipa skal greiða 20 aura fyrir hvern hektólitra.
4. Fyrir aðra notkun ákveður hreppsnefndin gjald þegar ástæður þykja til.
5. Gjöld þessi getur hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hækkað eða lækkað um allt að 20%, fyrir eitt ár í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.